

Skýrsla stefnumótunarhóps um fjarnám

1. Vinnuhópur skipaður og verkefni afmarkað

Hópin skipuðu: Ásta Henriksen, Gísli Björn Heimisson, Jón Ingvar Kjaran, Kirsten Friðriksdóttir, Laufey Bjarnadóttir, Ólafur Árnason, Ólöf Knudsen, Sigurlaug Kristmannsdóttir, Tómas Bergsson, Vala Guðný Guðnadóttir og Vilhelm Sigfús Sigmundsson.

Hópnum var ætlað að fjalla um eftirtaldar fullyrðingar:

- Of fáir kunna á tæki í fjarnámsveri.
- Þróa þarf kennsluaðferðir í fjarnámi.
- Fallistum er ekki kynnt hvað fjarnám gengur út á.
- Samræma þarf skóladagatal, fjarnáms og dagskóla betur.
- Endurmenntun fyrir fjarkennara.
- Hver er kennslufræði fjarnámsins?
- Er námsmat í eðlilegu horfi?

Á fyrsta fundi hópsins þann 4. október 2006 voru viðfangsefnin flokkuð og til að vinnan yrði heilsteypari bætti hópurinn við nokkrum viðfangsefnum. Hópnum var síðan skipt upp í tvo smáhópa og viðfangsefnunum deilt niður á þá:

Smáhópur 1. Ásta, Gísli Björn, Kirsten, Laufey, Sigurlaug og Tómas. Viðfangsefni:

- Kennslufræði fjarnámsins.
 - Hvað felst í hugtakinu kennslufræði fjarnáms?
 - Þróa þarf kennsluaðferðirnar í fjarnáminu.
- Námstækni fjarnáms.
- Endurmenntun fjarkennara.
 - Tæknileg, of fáir kunna á tæki í fjarnámsveri.
 - Kennslufræðileg.
- Starfslýsing fjarkennara.

Smáhópur 2. Jón Ingvar, Ólafur, Ólöf, Vala Guðný og Vilhelm Sigfús. Viðfangsefni:

- Markmið skólans með fjarkennslu þurfa að vera ljós.
- Fallistum ekki kynnt hvað fjarnám gengur út á.
- Nýnemar sem hafa þegar tekið áfanga á framhaldsskólastigi.
- Samræma þarf skóladagatal, fjarnáms og dagskóla betur.
- Er námsmat í eðlilegu horfi?
- Mat á gæðum fjarkennslu.

2. Niðurstöður vinnuhóps

Kennslufræði fjarnáms

Kennslufræði fjarnáms er ekki auðvelt viðfangsefni og það hefur vafist fyrir sérfræðingum að skilgreina hvað felst nákvæmlega í hugtakinu. Að hvaða leyti er kennslufræði fjarkennslu öðruvísi en kennslufræði staðbundinnar kennslu? Flestum ber þó saman um að eitt brýnasta viðfangsefni fjarkennara sé að finna leiðir til að virkja nemendur í fjarnáminu.

Fjarkennarar eru flestir með kennsluréttindi og því með sérþekkingu á kennslufræði og þeir hafa verið að finna leiðir til að laga þá þekkingu sína að fjarkennslunni. Fjarkennarar eru einnig með reynslu af staðbundinni kennslu og sú reynsla nýtist þeim við fjarkennsluna.

Til að stuðla að þróun kennsluaðferða í fjarnáminu, þarf skólinn að skapa fjarkennurum vettvang til að fjalla um fjarkennsluna og miðla reynslu sinni. Mælum við með reglulegum fundum fjarkennara, tvisvar til þrisvar sinnum á önn í þeim tilgangi. Þessa fundi þarf að skipuleggja vel og vandlega og fá kennara úr hópnum til að fjalla um tiltekin atriði sem þeir hafa beitt með góðum árangri í sinni fjarkennslu. Upplagt væri að fá sérfræðinga utan úr bæ til að fjalla um valin efni. Margir nemendur hafa mikla reynslu af fjarnámi og það væri fróðlegt fyrir okkur að fá þá á slíka fundi.

Til umræðu kom einnig að það gæti verið gagnlegt fyrir kennara að vera nokkurs konar "gestir" í WebCT áföngum hvers annars og fylgjast með því sem þar færi fram. Nokkrir fjarkennarar hafa verið fjarnemendur í áföngum kollega sinna og hefur það ævinlega orðið báðum að gagni.

Skólinn þarf einnig að hvetja fjarkennara og styðja þá fjárhagslega til að afla sér þekkingar á sviði kennslufræði fjarnáms, annaðhvort hvort hér heima eða erlendis. Þess má geta að skólinn kostaði nokkra fjarkennara til að fara á námskeið um kennslufræði fjarnáms sem haldið var á vegum Framvegis á haustönn 2006. Þegar kennarar koma af slíkum námskeiðum, þarf að skapa þeim tækifæri til að miðla af reynslu sinni til annarra.

Námstækni fjarnáms

Námstækni tengist tilteknum greinum og í WebCT flétta kennarar gjarnan ráðleggingar varðandi námstækni inn í umfjöllun sína um námsefnið. Til viðbótar því þyrfti að fjalla almennt um námstækni í fjarnámi og setja á Marmarann í WebCT þar sem fjarnemendur gætu nálgast upplýsingarnar hvenær sem þeim hentaði. Nauðsynlegt er að námsráðgjafar kæmu að því verki með fjarkennurum og að möguleikar okkar til að útbúa fjölbreytilegt námsefni verði nýttir við það.

Margir fjarnemendur eru að koma til náms eftir hlé frá námi, þeir eru óöruggir og þurfa stuðning. Fyrir þá væri hægt að bjóða fjarnámsáfangu um námstækni og gæti sá áfangi flokkast undir lífsleikni, t.d. LKN101.

Sú hugmynd kom einnig upp í hópnum að nemendum verði boðið í heimsókn í skólann í upphafi annar og þar væri hægt að fjalla um námstækni fjarnámsins, auk þess sem nemendur og kennarar fengju þar tækifæri til að hittast.

Endurmenntun fjarkennara

Halda þarf stutt námskeið um notkun tækja og hugbúnaðar í fjarnámsveri. Fjarnámsstjóri þarf að skrifa aðgengilegar leiðbeiningar um gerð talglæra og notkun gagnvirkur töflunnar og bjóða uppá námskeið. Fjarkennarar sem hafa reynslu af notkun þessarar tækni gætu mögulega komið að slíku námskeiðshaldi. Hvetja þarf kennara til að bæta framsetningu á námsefni sem er í WebCT og nýta fjarnámsverið betur.

Um kennslufræðilega símenntun fjarkennara var fjallað í kaflanum um kennslufræði fjarnámsins.

Starfslýsing fjarkennara

Brynt er að skrifa starfslýsingu fyrir fjarkennara skólans sem þeir geta haft að leiðarljósi við vinnu sína. Einnig er mikilvægt að hafa slíkt plagg til stuðnings nýjum fjarkennurum sem eiga eftir að bætast í hópinn í framtíðinni. Mikilvægt er að sem flestir fjarkennarar komi að þessu verki og sátt sé um þessa starfslýsingu. Hópurinn skrifaði drög að slíkri starfslýsingu og fylgir hún með sem viðauki 1. Aðrir fjarkennarar þyrftu að fá tækifæri til að fjalla um þessi drög og að hafa áhrif á það sem þar kemur fram.

Markmið skólans með fjarkennslu þurfa að vera ljós

Markmið með fjarkennslunni þurfa að vera ljós, annars vegar í hugum starfsmanna og hins vegar opinberlega. Hægt er skipta markmiðum niður eftir því hvort þau snerta starfsmenn skólans eða aðra, í innri og ytri markmið. Ytri markmiðin þarf að birta á heimasíðu skólans.

Innri markmið: Fjarkennslan gefur kennurum skólans möguleika á sveigjanleika í starfi og tilbreytingu.

Ytri markmiðin þarf að orða vel, því þau þarf að birta á heimasíðu skólans. Þar þarf að koma fram að með fjarkennslunni sé markmiðið að víkka út landamæri skólans og gefa sem flestum tækifæri til að stunda nám það sem hér er boðið uppá.

Sölvi Sveinsson var beðinn um að orða markmið skólans með fjarnáminu og tókum við undir hans tillögu:

Verzlunarskóli Íslands býður upp á metnaðarfullt nám til stúdentsprófs þar sem kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum til þess að miðla efni sínu til nemenda þannig að þeir tileinki sér fræðileg vinnubrögð, sjálfstæða og skapandi hugsun og hæfni til þess að vinna með öðrum við að greina hismi frá kjarna, finna lausnir á vandamálum og hrinda þeim fram. Fjarnám er ein af þeim kennsluaðferðum sem er í hávegum höfð. Markmið fjarnámskennslunnar eru eftirfarandi:

- Að auðvelda nemendum í dagskóla að tileinka sér námsefni með því að nálgast það frá nýjum sjónarhóli með aðstoð fjarkennara
- Að greiða þeim leið til stúdentsprófs sem á sínum tíma hættu í skóla af einhverjum ástæðum
- Að styrkja fólk í starfi með því að bjóða upp á nám sem auðveldar mönnum dagsins önn á vinnustað sínum
- Að taka myndarlega á móti grunnskólanemendum sem ekki fá viðfangsefni við hæfi í efstu bekkjum grunnskólans
- Að skipuleggja símenntun þar sem saman fer staðbundin kennsla og fjarnám
- Að efla kennara í starfi með því að bjóða þeim upp á besta hugsanlega kennsluumhverfi hverju sinni og auka fjölbreytni kennsluaðferða
- Að sinna þörfum fólks sem ekki á þess kost að sækja dagskóla

Leiðarljós fjarnámsins er jafnframt kjörorð þess: *Þitt nám þegar þér hentar*. Fjarnám er einstaklingsbundið og hver nemandi sækir það á sínum forsendum og sinnir náminu í samræmi við aðstæður sínar. Í öllum tilvikum þurfa fjarnámsnemendur að taka próf á viðurkenndum próftökustað vítt og breitt um heimskringluna.

Fallistum er ekki kynnt hvað fjarnám gengur út á

Halda þarf betur utan um þennan hóp nemenda og veita þeim meira aðhald. Nauðsynlegt er að kynna þeim betur út á hvað fjarnámið gengur og þykir okkur rétt að virkja námsráðgjafa til þess.

Nýnemar sem hafa þegar tekið áfanga á framhaldsskólastigi

Skólinn þarf að finna farsæla leið til að taka á móti vaxandi fjölda nýnema sem hafa þegar tekið áfanga á framhaldsskólastigi. Hægt væri að bjóða upp á sérstaka bekkir fyrir nemendur sem þegar hafa tekið mikið af framhaldsskólaáföngum í grunnskóla. Einnig þarf að skoða þetta í tengslum við nýjar hugmyndir um að taka nemendur fyrr inn í dagskóla.

Samræma þarf skóladagatal, fjarnáms og dagskóla betur

Hvað átt er við með þessari fullyrðingu er ekki alveg ljóst. Fjarnámið þjónar nemendum VÍ og annarra framhaldsskóla líka og fjarnámsmenn þurfa því að vera í takt við það sem almennt gerist í framhaldsskólum. Fjarnámsönnin byrjar alltaf nokkrum vikum síðar en dagskólaönnin gerir og með því kemur álag á kennara í upphafi annar ekki allt á sama tíma. Fjarnámsönnin er 10 vikur, eða mun styttri en dagskólaönnin og fjarkennarar hafa því lokið við að kynna námsefnið fyrir fjarnemendum áður en kemur að lokum dagskólaannar, þetta ætti líka að dreifa álaginu.

Fjarnámspróf þurfa að vera á hefðbundnum prófatímum og kennarar þurfa að skila einkunnum fjarnámsprófa á sama tíma og þeir skila einkunnum vegna dagskólaprófa. Það er óhjákvæmilegt því hluti af okkar fjarnemendum er að útskrifast og þurfa því þessar einkunnir strax.

Er námsmat í eðlilegu horfi?

Námsmat er í höndum kennara og vinnuhópurinn telur eðlilegt að svo sé. Kennarar ákveða sjálfir hlutfallið á milli lokaprófseinkunnar og vinnueinkunnar í lokaeinkunn. Kennarar innan sömu deilda þurfa að ræða um námsmat og gæta samræmis á milli áfanga sem heyra undir deildirnar.

Miklar umræður urðu um það hvort nemanda þurfi að ná lokaprófi (fá einkunn 4,5 eða meira) til þess að standast áfanga, eða hvort reikna eigi vinnueinkunn og lokaprófseinkunn saman áður en skorið er úr um hvort nemandi hafi staðist áfanga. Skoðum þessar tvær leiðir betur:

Leið 1:

Nemandi þarf að ná lágmarkseinkunn á lokaprófi, áður en vinnueinkunn er reiknuð inn í lokaeinkunn. Það merkir að:

- Vinnueinkunn getur hækkað lokaeinkunn, hafi nemandi náð 4,5 á lokaprófi.
- Vinnueinkunn getur hækkað lokaeinkunn upp að 4, hafi nemandi ekki náð 4,5 á lokaprófi. Þetta skiptir máli í áfangaskólum, því ef nemandi fær einkunn 3, 2 eða 1 þarf hann að endurtaka áfanga, en ef nemandi fær einkunn 4 þarf hann ekki að endurtaka áfanga, en fær ekki einingar fyrir þann áfanga.

- Léleg vinnueinkunn getur orðið til þess að nemandi standist ekki áfanga, jafnvel þó prófseinkunn hans hafi verið hærri en 5.

Leið 2:

Reikna ber saman vinnueinkunn og prófseinkunn áður en skorið er úr um það hvort nemandi standist áfanga. Þannig getur góð vinnueinkunn, en prófseinkunn undir 4,5 orðið til þess að nemandi standist áfangann og á sama hátt getur léleg vinnueinkunn orðið til þess að nemandi standist ekki áfanga, jafnvel þó hann hafi náð lokaprófinu.

Í dag nota fjarnámskennarar ýmist leið 1 eða 2 til að gefa lokaeinkunn fyrir áfanga. Ekki náðist sátt í vinnuhópnum um mæla með annarri hvorri leiðinni. Fjarnámskennarar allir og stjórnendur skólans þurfa að ræða þessi mál betur og komast að niðurstöðu, því brýnt er að allir fjarkennarar standi eins að verki til að meta hvort nemandi hafi staðist áfanga eða ekki.

Mat á gæðum fjarkennslu

Í samræmi við sjálfsmatshefðir skólans leggjum við til að farið verði í könnun á gæðum fjarkennslu sem fyrst og eigi síðar en á næstu haustönn. Drög að spurningum til að leggja fyrir nemendur eru birtar í viðauka 2.

Sumir í hópnum vildu fara hægar í sakirnar og byrja matsferlið með aðferð sem nefnd hefur verið jafningjamat, en aðrir töldu að kennarar skólans væru vanir því að spurningalistar um gæði kennslu væru lagðir fyrir nemendur. Í jafningjamati felst hins vegar að tveir og tveir kennarar vinni saman, skoði áfanga hvor annars og gefi ráð. Jafningjamatið gæti þannig skilað af sér betri fjarkennslu og í framhaldi af því mætti leggja spurningalista fyrir nemendur.

Reykjavík 7. mars 2007

Ásta Henriksen
Gísli Björn Heimisson
Jón Ingvar Kjaran
Kirsten Friðriksdóttir
Laufey Bjarnadóttir
Ólafur Árnason
Ólöf Knudsen
Sigurlaug Kristmannsdóttir
Tómas Bergsson
Vala Guðný Guðnadóttir
Vilhelm Sigfús Sigmundsson.

Viðauki 1 - Starfslýsing fjarkennara

Almennt um skipulag fjarnámsáfanga:

- Sömu kröfur eiga að gilda í sömu áföngum dagskóla og fjarnáms, námsefni á að taka mið af námsefni dagskóla og lokapróf eiga að vera sambærileg.
- Á heimasíðu fjarnámsins er lýsing á hverjum áfanga, þar sem fram kemur:
 - Nafn áfanga.
 - Lýsing á efni áfanga.
 - Markmið.
 - Námsgögn og hvar þau fást.
 - Námsmat í grófum dráttum.
- Sérhver áfangi er settur upp í kennslukerfi (WebCT):
 - Í kennslukerfinu er nákvæm kennsluáætlun sem er í samræmi við áfangalýsinguna sem er á netinu, en að auki er gerð grein fyrir námsmati og vikulegri yfirferð námsefnis. Vægi námsþátta má ekki víkja frá því sem fram kemur í áfangalýsingu í upphafi áfanga.
 - Námsefni er skipt upp í 10 hluta og er miðað við að það taki nemanda eina viku að fara yfir hvern hluta.
 - Í hverjum námshluta er nákvæm lýsing á því sem nemandinn á að lesa og gera þá vikuna, hvaða verkefni hann á að gera og hverju hann á að skila til kennara. Einnig þarf að koma skýrt fram hvaða verkefni gilda sem hluti af lokaeinkunn og hvenær nemandi á að skila þeim.
 - Í hverjum námshluta eru verkefni og námsefni.
 - Fjallað er um námstækni og próftöku.

Það sem fjarkennarar gera áður en önn hefst:

- Áfangalýsingar á heimasíðu fjarnámsins þurfa að vera réttar þegar skráning hefst. Kennari þarf að láta fjarnámsstjóra vita ef breyta þarf áfangalýsingu.
- Kennari þarf að sjá til þess að námsbækur séu tiltækar í bókabúðum.
- Undirbúa áfanga í WebCT fyrir komandi önn:
 - Setja fram nákvæma kennsluáætlun sem inniheldur m.a. lýsingu á námsefni og námsmati.
 - Útbúa vikuáætlun þar sem gerð er grein fyrir því hvað á að gera í viku hverri, hvaða verkefnum á að skila til kennara, hvaða verkefni gilda sem hluti af lokaeinkunn og hvenær síðasti skiladagur er.
 - Fara yfir áfangann og athuga hvort allt sé í lagi, t.d. dagsetningar réttar, krækjur virkar og svo framvegis.
 - Skrifa nemendum bréf í umræður eða póst og bjóða þá velkomna til náms og útskýra fyrir þeim hvernig áfanginn er uppsettur í WebCT.

Það sem fjarkennarar gera vikulega:

- Láta nemendur finna fyrir því að hann sé til staðar í WebCT, t.d. með því að hafa samband við nemendur a.m.k. vikulega og gefa þeim fyriræli/ráðleggingar varðandi verkefni, lestur og/eða minni þá á verkefnaskil.
- Æskilegt er að svara pósti frá nemendum innan tveggja virkra daga.

- Láta nemendur vita ef hann verður ekki við í meira en tvo virka sólarhringa og segja þeim hvenær hann svarar pósti næst.
- Tilkynna nemendum hvenær þeir megi búast við að verkefnum verði skilað.
- Fara yfir verkefni og senda nemendum til baka.
- Hvetja nemendur og hrósa þeim fyrir vel unnin verk.
- Setja inn nýtt efni.
- Opna fyrir verkefni eftir því sem við á.

Það sem fjarkennarar gera eftir lok tíundu viku:

- útskýra uppbyggingu lokaprófs fyrir nemendum og láta gamalt lokapróf eða sýniþróf í kennslukerfið.
- Gefa nemendum ráðleggingar varðandi próflestur og próftöku.
- Reikna út vinnueinkunn og birta nemendum í "Grade Book".

Það sem fjarkennarar gera í prófum:

- Semja tvö próf, aðalpróf og sjúkrapróf, og senda fjarnámsstjóra í tölvupósti þremur sólarhringum áður en próf fara fram.
- Sitja yfir prófum eftir því sem þeir verða beðnir um.
- Fara yfir próf og skila inn lokaeinkunn á tilsettum tíma.

Viðauki 2 – Könnun á gæðum náms og kennslu, drög að spurningum

1. Er almennt álag í áfanganum:
mjög mikið – mikið – hæfilegt – lítið – of lítið.
2. Finnast þér verkefnaskil í áfanganum vera:
mjög mikil – mikil – hæfileg – lítil – of lítil.
3. Hversu mikið eða lítið finnst þér inntak áfangans vera í samræmi við áfangalýsingu:
mjög mikið – mikið – hæfilegt – lítið – of lítið.
4. Hvernig finnst þér uppsetning námsefnis:
mjög góð – góð – sæmileg – léleg – mjög léleg.
5. Hvernig finnst þér útskýringar kennara á námsefninu:
mjög góðar – góðar – sæmilegar – lélegar – mjög lélegar.
6. Hvernig eru námsgögnin að þínu mati:
mjög góð – góð – sæmileg – léleg – mjög léleg.
7. Hvernig finnst þér WebCT námsumhverfið:
mjög gott – gott – sæmilegt – lélegt – mjög lélegt.
8. Hvernig svaraði kennarinn að þínu mati spurningum/fyrirspurnum:
mjög vel – vel – sæmilega – illa – mjög illa.
9. Hversu margir dagar liðu frá því að þú sendir kennara tölvupóst og svar barst frá honum:
1 dagur – 2 dagar – 3 dagar – 4 dagar – fleiri en 4 dagar.
10. Finnst þér það hafa áhrif á námið að hafa ekki persónulegt samband við kennara og aðra nemendur:
ekkert - frekar lítið – lítið – mikið – mjög mikið.
11. Hvernig finnst þér námsmat áfangans:
mjög gott – gott – sæmilegt – slæmt – mjög slæmt.